6. febrúar 2009
si 48898

Forsætisráðherra
Fr. Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

Ég óska yður til hamingju með nýfengið embætti og velfarnaðar í vandasömu starfi.

Í bréfi yðar til mín 2. febrúar sl. er mér boðið að biðjast lausnar frá embætti bankastjóra við Seðlabanka Íslands. Í sannleika sagt væri það mér mikill léttir að vera laus frá umræddu embætti. Í bréfinu er hins vegar gefið í skyn að ekki hafi verið staðið faglega að verki í Seðlabankanum og til að svo megi verða sé best að ég biðjist lausnar og láti af starfi *þegar í stað*, eins og þér greinduð frá í ríkissjónvarpinu sama dag og bréf yðar barst mér. Á þessari forsendu er mér mjög óljúft að biðjast lausnar.

Ég var fyrst skipaður bankastjóri af Sighvati Björgvinssyni fyrir nær 15 árum. Ég hafði þá starfað í bankanum í um 25 ár og sótti um starfið á grundvelli auglýsingar. Þátttaka í stjórnmálum getur ekki hafa verið ástæða þess að ég var valinn þar eð ég hef aldrei tekið þátt í pólitísku starfi. Er þó þakklátur öllum þeim sem það gera. Ekki þekki ég annað en að í Seðlabankanum sé unnið af fagmennsku hvort sem starfsmenn sinna eða hafa sinnt störfum á vettvangi stjórnmála eða ekki.

Okkur bankastjórum barst samhljóða bréf. Efni þess varðar stjórn mikilvægs málaflokks sem ekki væri heppilegt að setja í uppnám. Því taldi ég nauðsynlegt að bankastjórnin fengi tækifæri til að ræða þetta mál í sameiningu áður lengra yrði haldið. Eins og þér vitið var formaður bankastjórnar erlendis og því var ekki unnt að fjalla um málið innan þess tímafrests sem stungið var uppá í bréfi yðar.

Það hefur hvarflað að mér að ljúka störfum í Seðlabankanum áður en skipunartími minn rennur út 30. apríl 2012. Í stað þess að setja stjórn Seðlabankans í uppnám núna með tafarlausri breytingu á yfirstjórninni tel ég heppilegt að breytingar eigi sér hæfilegan aðdraganda svo ekki verði óþarfa röskun á starfseminni.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Enda þótt starfslok mín yrðu ótímabær, eins og þér farið fram á, hafa mér ekki komið í hug sérstakar fébætur fyrir það. Grein 34 í lögum nr. 70/1996, sem þér vitnið til, felur ekki í sér möguleika á meiri réttindum mér til handa en ég hef nú þegar. Því sé ég engan tilgang að efna til viðræðna á þeim grundvelli.

Ég ítreka hér með óskir mínar til yðar um velfarnað í starfi.

Virðingarfyllst

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Samrit: Halldór Blöndal,
formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands